NÁMSGREIN MYNDMENNT / SJÓNLISTIR
KENNSLUYFIRLIT – 9.BEKKUR

Kennsluaðferðir: Innlögn, myndasýningar, sýnikennsla, verkleg vinna ljósmyndaverkefni, heimavinna og samtal.

Námsefni*:* Allt námsefnið er búið til og mótað af myndmenntakennara

Námsmat*:* Leiðsagnarmat / Hæfniviðmið

Námsgögn: Margskonar litir, pappír, efni og verkfæri ásamt myndasýningum og fagorðabanka

Lykilhæfni: *Lögð verður áhersla á að nemandi öðlist eftirfarandi lykilhæfni.*

- Tjáð hugsanir og skoðanir sínar og sett þær fram á viðeigandi hátt.
- Gert sér grein fyrir að iðulega er hægt að komast að fleiri en einni niðurstöðu við úrlausn verkefna og að læra má af mistökum og nýta það á skapandi hátt.
- Unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á.
- Tekið leiðsögn á jákvæðan hátt.

Tímabil	Verkefni	Markmið og leiðir	Hæfniviðmið	Námsmat
Kennt er í þrískiptum lotum:	Hugmyndabók Hönnun fugl Leirverkefni Listasaga Orðaforði	Geti sett hugmyndir sínar á blað og unnið út frá þeim. Búa til sína eigin hugmyndabók og vinna verkefni og hugmyndir í hana Geti búið til þrívítt verk út frá eigin hugmynd að lokaverki. Fræðist um möguleika á endurvinnanlegu efni. Leiðir: Hugmyndavinna. Búi til fugl úr endurvinnanlegu efni. Skreyti á persónulegan hátt. Geti sagt frá og gert grein fyrir hugmynd sinni. Geti búið til þrívítt verk út frá eigin hugmynd að lokaverki. Leiðir: Hugmyndavinna. Búa til og byggja upp leirverk á spýtu, skreyta og mála Kynnist heimi myndlistarinnar og möguleika myndsköpunar. Kynnist og þekki ýmis listaverk og ýmsa listamenn. Skilað inn á Google Classroom Læri ný orð sem tengjast þeim verkefnum sem unnið er með Skrá skoðanir og tilfinningar í eigin sköpun Skilað inn á Google Classroom	*Valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla* *Greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni* *Tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu og gagnrýni á samfélagið* *Sýnt og útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m.a. í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal* *Skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðum á eigin ímyndunarafli og / eða rannsókn, myndrænt og/ eða í texta* *Notað orðaforða og hugtök til að tjá skoðanir sýnar á myndlist og hönnun og fært rök fyrir þeim út frá eigin gildismati* *Greint, borið saman og lýst ýmsum stílum og stefnum í myndlist og hönnun, bæði á Íslandi og erlendis og tengt það við þá menningu sem þeir eru sprottnir úr* *Gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu* *Túlkað listaverk og hönnun með tilvísun í eigin reynslu, nærumhverfi, samtímann, siðfræði og fagurfræði*	Leiðsagnamat og hæfniviðmið. Verkefnin eru metin út frá vinnu /hugmyndavinnu, verklagi, virkni og svörun og viðbrögð við verkefninu í samræmi við hæfniviðmið